



# Fréttabréf SÆNS

Árgangur 3. tölublað 3

DECEMBER 2012

## B Is. 2

Gögn og fréttir frá ELGPN

## B Is. 3

Af námskeiði um rafræna ráðgjöf

## B Is. 4

Starfsmannamál og jóla-kveðja

## Uppbygging vefgáttar um störf, nám og ráðgjöf

Frá 1. september síðastliðnum hefur Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf formlega hafið vinnu að vefgátt sem veita á upplýsingar og ráðgjöf um störf og nám. SÆNS vinnur þetta verkefni í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en verkefnið er hluti heildarverkefnisins: *Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni full-orðinna með litla formlega menntun*. Verkefnið er kostað af IPA (Instrument for pre-accession) styrk vegna umsóknar Íslands um aðild að ESB og Fræðslusjóði.

Unnið hefur verið að umgjörð og uppbyggingu vefgáttarinnar þar sem farið er yfir helstu þætti sem vefgáttin byggir á. Má þar nefna aðdraganda hennar, jarðveg, forsendur, markmið, ávinning, ráðgjafarþjónustu, innleiðingu, efnistöð og hönnun vefgáttarinnar.




**Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Ólafur Þ. Harðarson og Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir**

Þann 1. október síðastliðinn var hnúturinn formlega hnýttur á milli SÆNS og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um gerð vefgáttar um störf, nám og ráðgjöf og samningur undirritaður. Undirritunin var í höndum Dr. Guðbjargar Vilhjálmisdóttur stjórnarformanns SÆNS, Ólafs Þ. Harðarsonar forseta Félagsvísindasviðs HÍ og Ingibjargar E. Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra FA.

## Umgjörð og framkvæmd vefgáttar

Við uppbyggingu vefgáttarinnar hefur verið lagður grunnur að umgjörð og framkvæmd hennar. Gerð hafa verið skýrsludrög þar sem fjallað er um aðdraganda slíkrar vefgáttar hér á landi og þess verkefnis sem hún er hluti af. Farið er yfir að símenntunarstefna og stefna um hækkun menntunarstigs þjóðarinnar er jarðvegur vefgáttarinnar og mikilvægi þess að auka aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um störf og nám. Í uppbyggingu og framkvæmdaráformum vefgáttarinnar er farið yfir hvaða forsendur og skilyrði eru

fyrir tilvist hennar og má nefna mikilvægi þess að fara yfir og nýta þær upplýsingar sem til eru um störf og nám. Sett eru markmið um náms- og starfsupplýsingar, ráðgjöf og hönnun ásamt ávinningi einstaklinga, fræðsluferfis og atvinnulífs. Farið er yfir ráðgjafarþjónustu vefgáttarinnar og innleiðingu hennar ásamt skilgreiningu á efni og útlit vefgáttarinnar.



## Nýútgefið efni ELGPN

Nýútgefið efni ELGPN; skýrslur og tæki fyrir stefnumótendur.

Í október kom út efni um stefnumótun í ævilangri náms- og starfsráðgjöf sem ELGPN stendur að (European Lifelong Guidance Policy Network: evrópskt samstarfsnet um stefnumótun í ævilangri náms- og starfsráðgjöf)

Efnið var kynnt á fundi ELGPN á Kypur. Á síðasta tímabili ELGPN (2011-2012) var áhersla á að þróa og móta tæki fyrir

stefnumótendur í náms- og starfsráðgjöf.

Niðurstaðan er eftirfarandi: Skýrslur um:

- Atvinnuleysi ungs fólks í Evrópu (þar sem gefin eru dæmi um vel heppnuð vekefni og spurningar sem stefnumótendur geta nýtt sér í stefnumótun og starfi)
- Hæfni í stjórnun starfsferils (Career management skills),
- Flexicurity (flexibility + security).

- Skýrslur (löng og stutt) um starfið í ELGPN síðasta tímabil.

Hægt er að nálgast skýrslurnar á rafrænu formi hér: <http://ktl.jyu.fi/ktl/elgpn/publications3> ([elgpn.eu](http://elgpn.eu)) og á heimasíðu SÆNS: [www.saens.hi.is](http://www.saens.hi.is)



## Handbók fyrir stefnumótendur


ELGPN gaf út handbókina eða leiðarvísinn **Lifelong Guidance Policy Development: A European Resource Kit** sem er ætlaður fyrir stefnumótendur til að skoða, þróa og meta náms- og starfsráðgjöf í hverju og einu landi. Áhersla er á þemu fjögurra vinnupakka sem hafa verið í gangi síðustu ár í ELGPN.

Ísland hefur verið virkur þátttakandi í starfinu og leitt vinnupakka 2 um aðgengi. SÆNS hefur haldið utan um vinnunna í samstarfi við mennta- og emningarmálaráðuneytið.

Hugmyndin er að á næsta tímabili þá munu þessar skýrslur og handbók um stefnumótun vera leiðarljós í vinnu í löndunum sjálfum. Vonandi fáum við tækifæri til að kynna þessar skýrslur og stefnumótendur "tæki" betur fyrir þeim

sem áhuga hafa.

Hægt er að nálgast skýrslurnar á rafrænu formi hér: <http://ktl.jyu.fi/ktl/elgpn/publications3> ([elgpn.eu](http://elgpn.eu)) og á heimasíðu SÆNS: [www.saens.hi.is](http://www.saens.hi.is)



# Rafræn náms- og starfsráðgjöf; möguleikar og markmið



Þann 24. september bauð Sérfræðisetur um ævilanga náms- og starfsráðgjöf til námskeiðsins með styrk frá Mennta- og

menningarmálaráðuneytinu, Vinnumálastofnun, Iðunni Fræðslusetri, Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar og Félagi náms- og starfsráðgjafa. Þar höfðu þeir Dr. Raimo Vuorinen, framkvæmdastjóri ELGPN og Dr. Jim Sampson, prófessor við Florida State University, framsögu og deildu þar hugmyndum sínum og reynslu um notkun upplýsingatækni í náms- og starfsráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjöf getur tekið á sig ýmsar birtingarmyndir og margvíslegar aðferðir í boði sem hægt er að nota til að koma þjónustunni á framfæri og nálgast notendur. Á námskeiðinu voru Vuorinen og Sampson að fjalla um hvernig nýta megi upplýsingatæknina við náms- og starfsráðgjöf og ekki síst hvernig upplýsinga- og samskiptatækni stuðlar að auknu aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Fóru þeir m.a. yfir hvernig rafræn ráðgjöf getur verið viðbót við hina hefðbundnu (face to face) ráðgjöf og mikilvægi skimunar í ráðgjöf til að auka skilvirkni hennar og aðlaga að þörfum hvers og eins ráðþega.



Áhugi þátttakenda á þessu brýna máli var augljós og birtist í líflegum umræðum og óformlegu spjalli í kaffihléi. Náms- og starfsráðgjafar deildu reynslu sinni hvað upplýsinga- og samskiptatækni varðar og á

hvern hátt þeir eru að nýta hana í starfi. Umræða um þessi mál er afar mikilvæg í ljósi þess verkefnis sem bíður okkar í uppbyggingu á upplýsinga- og ráðgjafarvefgátt um störf og nám sem án efa mun stuðla að bættu aðgengi að náms- og starfsráðgjöf.



Daginn eftir var fundur í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem fulltrúar hagsmunaaðila úr skólakerfi og atvinnulífi komu saman ásamt hinum erlendu fræðimönnum til að upplýsa stefnumótendur og aðra hagsmunaaðila í náms- og starfsráðgjöf um möguleika upplýsinga- og samskiptatækni í náms- og starfsráðgjöf.

Mikilvægt er að halda umræðunni um rafræna ráðgjöf áfram og stuðla að áframhaldandi brautargengi hennar.

Skýrslu um námskeiðið má finna á heimasíðu SÆNS [www.saens.hi.is](http://www.saens.hi.is).

## Skilaboð frá þátttakendum

### Það sem auðveldar og hindrar rafræna ráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar eru áhugasamir um rafræna ráðgjöf og nýta sér hana aðallega í formi tölvupósts og síma. Það sem þátttakendur töldu auðvelda rafræna ráðgjöf voru meðal annars almennt góð tækniþekking á meðal almennings og ráðgjafa. Hægt væri að nýtast meira við samfélagsmiðla og forrit sem auðvelda samskipti. Hindranir sem þeir sjá í tengslum við rafræna ráðgjöf eru t.d. slæmur tækjakostur, síðferðislegar efasemdir um réttmæti slíkrar ráðgjafar ásamt skorti

á kunnáttu og þjálfun.

### Það sem mætti efla

Mikil þörf virðist vera á meðal náms- og starfsráðgjafa um aukið aðgengi efnis á netinu. Var í því tilliti talað um mikilvægi upplýsingaveitu með efni fyrir náms- og starfsfræðslu ásamt ýmis konar gagnvirknu efni. Eins væri mikilvægt að auka þjálfun nema og ráðgjafa í möguleikum rafrænnar ráðgjafar. Komið var einnig inn á skilvirkni ráðgjafar og vöntun á forskrift að skimun einstaklinga og flokkun á þörfum þeirra fyrir ráðgjöf.

# Starfsmannamál SÆNS

Breytingar hafa orðið hjá SÆNS á þessu ári en þann 1. september byrjaði nýr starfsmaður, Ingibjörg Hanna Björnsdóttir sem verkefnisstjóri hjá SÆNS. Ingibjörg starfar að IPA verkefninu um uppbyggingu vefgáttar um störf, nám og ráðgjöf.

Eins hafa aðstæður Guðrúnar Birnu Kjartansdóttur breyst og lætur hún af störfum frá og með áramótum. Viljum við þakka Guðrúnu Birnu fyrir gott samstarf á liðnum árum og óska henni velfarnaðar í komandi störfum.



## Jólaþveðja

Við hjá SÆNS viljum óska samstarfsfólki og öllum þeim sem við höfum átt í samskiptum við á árinu gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Hlökkum til komandi samstarfs á nýju ári.

